Broddi 10-503 hefur áður sýnt kjötgæðaeiginleika sína í rannsóknum hér og minnir en á þá en afkvæmi hans að þessu sinni eru með ákaflega hagstæðar kjötmatstærstöður og lærahold lambanna mjög góð. Þessi hrútur kemur frá Broddanesi 1 úr hinni sterku ræktun þar en faðir hans er Kraftur 09-020 frá Melum í Árneshreppi. Yfirburðum hjá Þristi 12-502 er mjög jafnt skipt á báða aðalþætti rannsóknarinnar en þessi hrútur er úr heimaræktun þar sem þekktir stöðvarhrútar standa fljótt að baki. Hjá Tvisti 12-501 koma yfirburðir fyrst og fremst frá mjög góðum bakvöðvamælingum sem hann á sannarlega kyn til sem sonur Gosa 09-850 en þessi lambahópur er að uppistöðu lömb undan tvævetlum.

Skagafjörður

Brúnastaðir

Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bloti	13-030	Myrkvi	10-905	108,8	149,1	129,0	17,6	9,6	7,2	30,5	2,6	17,3
Naskur	12-033	Heiðar	11-031	114,5	110,9	112,7	17,6	9,6	7,0	28,5	2,5	17,5
Seðill	13-029	Myrkvi	10-905	117,7	101,9	109,8	17,5	9,3	6,6	28,6	2,4	17,1
Kjarni	13-927	Gutti	12-028	110,4	104,0	107,2	16,9	10,5	8,0	28,6	2,7	17,6
Mökkur	12-026	Blakkur	07-865	115,7	97,1	106,4	17,4	9,5	6,9	28,4	2,9	17,2
Pottur	13-026	Dolli	09-892	111,0	100,1	105,6	18,0	9,7	7,2	28,8	2,9	17,4
Snúður	11-060	Grábotni	06-833	98,3	110,5	104,4	18,1	8,9	6,9	28,8	2,4	17,2
Rjómi	12-036	Brjänn	08-856	95,6	92,3	94,0	17,4	9,2	7,4	28,7	3,3	17,3
Örlygur	11-721	Kóngur	09-294	100,9	76,6	88,8	18,0	9,5	7,4	27,9	3,1	17,4
Meiður	13-031	Myrkvi	10-905	80,2	96,3	88,3	17,2	8,7	7,6	28,6	3,2	17,3
Glæðir	13-037	Gígur	12-032	92,1	61,6	76,9	17,1	8,7	7,1	27,5	3,4	17,1
Háður	13-027	Bárður	10-035	71,9	76,6	74,3	17,6	8,6	7,7	27,8	2,9	17,0
							17,6	9,2	7,2	28,6	2,8	17,3

Gimbrarlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bloti	13-030	Myrkvi	10-905	108,8	135,1	129,0	17,6	9,6	7,2	30,1	2,4	17,2
Naskur	12-033	Heiðar	11-031	114,5	114,6	112,7	17,6	9,6	7,0	29,3	3,2	17,4
Seðill	13-029	Myrkvi	10-905	117,7	102,6	109,8	17,5	9,3	6,6	28,2	2,5	17,0
Kjarni	13-927	Gutti	12-028	110,4	157,1	107,2	16,9	10,5	8,0	30,9	2,9	17,9
Mökkur	12-026	Blakkur	07-865	115,7	122,8	106,4	17,4	9,5	6,9	29,3	3,1	17,2
Pottur	13-026	Dolli	09-892	111,0	84,2	105,6	18,0	9,7	7,2	27,6	2,9	17,1
Snúður	11-060	Grábotni	06-833	98,3	84,4	104,4	18,1	8,9	6,9	27,2	2,3	17,0
Rjómi	12-036	Brjänn	08-856	95,6	106,0	94,0	17,4	9,2	7,4	28,3	2,7	17,3
Örlygur	11-721	Kóngur	09-294	100,9	64,0	88,8	18,0	9,5	7,4	26,8	3,3	17,4
Meiður	13-031	Myrkvi	10-905	80,2	96,3	88,3	17,2	8,7	7,6	28,6	3,3	17,0
Glæðir	13-037	Gígur	12-032	92,1	86,1	76,9	17,1	8,7	7,1	27,8	3,0	17,1
Háður	13-027	Bárður	10-035	71,9	59,3	74,3	17,6	8,6	7,7	27,1	3,4	16,9
							17,6	9,2	7,2	28,3	2,9	17,2

Þessi rannsókn er ein þeirra sem gerð var fyrir sæðingastöðvarnar í sambandi við val á nýjum hrútum til notkunar þar. Þess vegna er einnig fjallað um rannsóknina í sambandi við þær rannsóknir á öðrum stað á vefnum. Það er fljótsagt að aðkomuhrútar sem þarna komu í rannsókn voru ekki að sýna nein tilþrif þannig að um þá er ástæðulaust að fjalla frekar. Að rannsókn lokinni þá var tekinn á stöð Kjarni 13-927 en afkvæmi hans bárum mikið af með framúrskarandi lærahold og góða flokkun lamba fyrir gerð en þau voru full fitumikil miðað við þunga. Það ber samt að taka fram að kynhlutfall lambanna undan Kjarna var ákaflega skekkt með yfirgnæfandi hlutfall gimbra meðal lambanna. Kjarni er úr heimaræktun þar sem Guffi 08-869 stendur honum næstur sæðingahrúta sem föðurfaðir og þó að sæðingar standi mikið að baki Kjarna þarf að leita nokkra ættliði eftir þeim hrútum sem ættfeðrum. Þarna voru fleiri hrútar

með verulega athyglisverða afkvæmahópa, sérstaklega Bloti 13-030 sem átti ákaflega vöðvamikil og vel gerð lömb, hrútur, sem ástæða er til að fylgjast með. Hann er sonur Myrkva 10-905 en að öðru leyti stendur heimaræktun að baki. Seðill 13-029 er annar Myrkvasonur sem þarna gefur góðar niðurstöður. Að síðustu skal nefna Nask 12-033 sem þarna er með góðan lambahóp líkt og á síðasta ári. Naskur er einnig í fyrstu ættliði úr heimaræktun. Þessi afkvæmarannsókn staðfestir rækilega að á Brúnastöðum er kominn mjög sterkur stofn af kjöttgæðafé.

Þverá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Vindur	10-583	Hrói	07-836	124,9	126,7	125,8	15,5	8,8	5,6	28,0	2,2	16,6
Stapi	13-634	Klettur	11-639	118,5	117,6	118,1	16,0	8,7	5,7	28,1	2,2	16,8
Snúður	13-587	Snillingur	09-522	88,5	138,4	113,5	15,7	8,8	6,8	28,3	2,5	16,9
Hlekkur	12-584	Jökull	10-638	103,7	119,1	111,4	15,9	9,1	6,6	27,9	2,6	16,9
Rosi	13-582	Gaur	09-879	99,2	110,3	104,8	15,2	8,4	6,0	27,1	2,3	16,8
Kjarkur	13-581	Grámann	05-597	94,4	110,0	102,2	15,7	9,0	6,8	27,4	2,9	17,3
Hrímnir	13-583	Grábotni	06-833	101,9	88,6	95,3	15,1	8,3	5,8	26,5	2,7	16,7
Kroppur	13-586	Messías	11-720	110,1	76,4	93,3	15,7	8,8	6,1	26,3	2,7	16,8
Askur	13-628	Naskur	12-033	98,6	80,4	89,5	14,9	8,6	6,2	26,2	2,6	16,7
Draumur	12-585	Þróttur	07-572	83,8	84,0	83,9	15,4	8,1	6,2	26,1	2,6	16,9
Vaskur	10-574	Grábotni	06-833	74,0	66,8	70,4	15,9	8,4	6,9	26,2	2,9	16,8
							15,6	8,6	6,2	27,0	2,6	16,8

Hér er það lambahópurinn undan Vindi 10-583 sem er fyrir vindinum en þau hafa mjög hagstæðar kjötmatsniðurstöður og lífandi lömbin jöfn með góðan samanburð úr bakvöðvamælingum en vantar frekar á lærahold. Vindur hefur áður gefið góðar niðurstöður úr hliðstæðum rannsóknum. Vindur er sonur Hróa 07-836 en Hvellur 05-969 er móðurfaðir hans. Stapi 13-634 á þarna einnig lambahóp sem fær góðar niðurstöður og eiginleikar lambanna undan honum minna um margt á afkvæmi Vinds. Stapi á lögheimili í Djúpadal og er þar úr heimaræktun sem mikið sækir í kaupahrúta úr Öxarfirði.

Árgerði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Jonni	12-340	Borði	08-838	106,0	134,3	120,2	18,6	11,4	8,4	31,1	3,2	17,7
Klaki	13-343	Steri	07-855	99,7	111,7	105,7	18,8	10,8	8,0	31,0	4,0	17,8
Knár	13-339	Dabbi	10-162	115,3	92,3	103,8	19,1	11,6	8,2	29,6	3,8	17,5
Kapall	13-342	Goði	11-341	103,5	85,1	94,3	18,4	10,1	7,2	28,3	2,6	17,4
Klettur	13-340	Jörvi	12-342	103,5	76,7	90,1	18,4	10,1	7,2	28,4	3,4	17,4
Kistill	13-341	Strengur	09-891	77,2	83,9	80,6	19,0	9,9	7,9	29,3	3,8	17,7
							18,7	10,7	7,9	29,8	3,4	17,6

Grunnur að fénu þarna er frá Hafnardal við Djúp þaðan sem það kom í fjárskiptum á síðustu búskaparárum í Hafnardal. Þarna eru stórglæsileg lömb eins og sjá má á tölum úr rannsókninni. Afkvæmahópur sem þarna hefur mikla yfirburði er undan Jonna 12-340, sem einnig sýndi glæsilegar niðurstöður í hliðstæðri rannsókn haustið 2013. Afkvæmin eru feikilega vöðvafyllt og vel gerð með glæsilegt kjötmat fyrir gerð en mega ekki feitari vera. Jonni er einn hinn fjölmörgu öflugum kjöttgæðahrúta sem komið hafa undan Borða 08-838. Einnig er ástæða til að vekja athygli á frábæru kjötmati sláturlambanna undan Kná 13-339 en sá höfðingi kemur frá Broddanesi 1 og er sonur Dabba 10-162, sem þar hefur farið hvað fremstur í flokki margra kjöttgæðahrúta á því búi á allra síðustu árum.

Tunga

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kóngur	12-108	Púki	06-807	99,9	159,6	129,8	17,2	9,5	7,2	30,6	2,8	17,3
Galdur	12-114	Seiður	09-874	114,9	126,7	120,8	17,7	9,7	6,9	29,5	2,7	17,0
Olli	12-111	Kolli	10-107	97,3	131,3	114,3	18,2	9,1	6,9	29,8	3,0	17,3
Mósi	13-106	Gumi	09-880	107,2	113,8	110,5	18,7	10,5	7,8	29,8	3,5	16,8
Marz	13-107	Ás	09-877	108,0	112,0	110,0	17,1	9,2	6,6	29,0	2,8	17,0
Muggur	13-108	Kjarkur	08-840	92,2	104,8	98,5	17,6	9,7	7,7	28,9	3,2	17,1
Meitill	13-110	Stáli	06-831	110,7	85,5	98,1	17,5	9,9	7,2	28,3	3,4	16,9
Mökkur	13-111	Drífandi	11-895	111,0	78,4	94,7	17,2	9,9	7,2	27,8	2,9	17,2
Massi	13-109	Strengur	09-891	89,2	90,6	89,9	17,7	9,1	7,2	29,4	4,3	17,3
Messi	13-112	Djákni	12-113	99,8	68,5	84,2	16,7	9,5	7,2	28,0	3,2	17,2
Magni	13-113	Kóngur	12-108	91,1	67,9	79,5	16,8	9,0	7,0	27,6	3,5	17,1
Melur	13-115			81,7	45,3	63,5	17,9	9,7	8,1	26,6	3,1	16,6
							17,5	9,5	7,2	28,8	3,1	17,1

Lömbin í rannsókn hér eru ágætlega þroskamikil en aðeins breytileg að gerð. Hér eru það hópar undan tveggja vetra hrútunum sem slá lömbin undan veturgömlu hrútunum út. Samræmi á milli meginþáttanna tveggja í rannsókninni hefði mátt vera meira hjá sumum hópanna. Kóngur 12-108 kemur með gríðarlega mikla yfirburði frá mælingum á lifandi lömbunum sem hafa feikilega þykkar bakvöðva og sum hver einnig mjög sterk lærahold. Niðurstöður sláturlambanna eru hins vegar um meðaltal. Þessi hrútur er sonur Púka 06-807 og móðurfaðir hans Raftur 05-966. Galdur 12-114 er hins vegar með yfirburði afkvæma sinni nokkuð jafnt dreifða á alla þætti rannsóknarinnar. Galdur þessi er sonur Seiðs 09-874.

Syðra-Skörðugil

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fjalar	10-464	Borði	08-838	112,7	116,6	114,7	17,9	10,4	7,2	29,5	3,1	17,5
Geiri	12-071	Tenór	08-873	103,2	119,2	111,2	17,4	10,0	7,1	29,0	2,6	17,5
Brennir	12-066	Bruni	07-432	114,8	99,6	107,2	16,8	10,1	6,8	28,9	3,4	17,5
Kvistur	13-431	Fjalar	10-464	66,2	142,8	104,5	17,7	9,2	7,7	30,8	3,2	17,6
Hálfmáni	11-439	Máni	09-849	113,1	90,9	102,0	17,5	10,2	7,0	28,7	3,5	17,7
Tálkni	10-458	Uggi	07-434	100,0	101,7	100,9	17,2	10,1	7,3	28,9	3,6	17,6
Mói	13-432	Hálfmáni	11-439	94,9	102,1	98,5	17,4	10,4	7,8	29,0	3,1	18,0
Sómi	13-437	Prúður	11-896	88,1	100,0	94,1	17,5	9,4	7,1	29,0	3,3	17,6
Gaukur	13-436	Gaur	09-879	81,9	103,8	92,9	18,2	9,4	7,3	29,0	3,3	18,0
Manni	13-435	Grámann	10-884	72,8	104,8	88,8	18,2	9,6	7,9	28,9	3,0	17,5
Kjarni	13-434	Kjarkur	08-840	81,8	84,0	82,9	18,0	9,5	7,4	27,9	3,2	17,4
Listi	10-463	Borði	08-838	93,6	70,8	82,2	17,8	9,8	7,2	27,8	3,2	17,4
Kjartan	13-433	Kjarkur	08-840	89,7	68,2	79,0	18,2	9,7	7,3	28,1	4,0	17,7
							17,6	10,0	7,2	28,8	3,2	17,6

Að þessu sinni er munur á milli afkvæmahópanna ekki afgerandi og það eru eldri hrútarnir sem áður hafa sannað ágæti sitt í slíkum rannsóknum sem hér skipa efstu sætin. Fjalar 10-464 er að þessu sinni með feikilega jafnan lambahóp sem einkennist af góðum kjötgæðum. Fjalar er einn slíkra fjölmargra sona Borða 08-838 en í móðurlegg hans kemur skjótt Gráni 03-957 en mjög góðir synir hans voru í nokkur ár notaðir hér. Geiri 12-071 er að þessu sinni með mest af sínum yfirburðum úr mælingum á lifandi lömbunum sem eru mjög jöfn með þykkan bakvöðva með þunnri fitu. Geiri er sonur Tenórs 08-873 en traust heimaræktun með mikilli innblöndun sæðingahrúta stendur að baki í móðurætt. Lambahópurinn undan Brenni 12-066 kemur vel út úr kjötmatinu með góða gerð og minni fitu en hjá öðrum hrútum. Bakvöðvi stenst ekki samanburð við hina hópana en lærahold eru góð. Mögulega hefur það nokkur áhrif á samanburð fyrir þennan hóp að þetta eru allt gemlingslömb. Brenni kemur úr öflugri ræktun búsins og er Hvellur 05-969 fyrsti sæðingahrútur í ættarskrá sem móðurfaðir.

Ríp

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Frami	11-250	Kubbur	10-243	150,6	127,6	139,1	18,1	11,9	7,3	29,4	3,5	17,6
Manni	13-249	Grámann	09-277	101,3	147,2	124,3	18,4	10,3	7,5	30,1	3,0	17,3
Hreinn	13-246	Hreyfill	12-243	115,8	121,9	118,9	17,5	10,4	7,0	29,0	2,6	17,2
Grámann	09-277	At	06-806	127,6	102,9	115,3	16,7	11,0	7,2	28,4	3,5	17,3
Baggi	13-244	Kroppur	10-890	90,0	121,3	105,7	17,1	10,3	7,9	29,1	3,2	17,4
Ajax	13-243	Snævar	10-875	94,1	114,5	104,3	17,9	10,2	7,7	29,3	3,6	17,3
Burkni	13-242	Birkir	10-893	109,3	94,9	102,1	17,1	10,6	7,4	27,8	2,9	17,3
Stafn	13-245	Kroppur	10-890	87,8	106,7	97,3	19,0	10,1	7,9	28,5	3,1	17,3
Toppur	13-241	Kroppur	10-890	82,4	110,5	96,5	18,0	10,1	8,1	29,6	4,4	17,5
Berti	13-250	Herbert	12-245	95,8	95,0	95,4	17,7	10,3	7,7	28,8	4,0	16,8
Boði	12-248	Doddi	11-251	89,8	84,7	87,3	17,5	10,4	7,9	27,7	3,2	17,1
Lúkas	13-247	Jósep	12-244	97,8	74,6	86,2	17,8	10,3	7,6	26,7	3,0	17,1
Bláskjár	12-251	Grámann	09-277	74,4	21,6	48,0	17,5	9,8	7,8	25,6	3,6	16,7
							17,6	10,4	7,6	28,3	3,3	17,2

Hér er nokkuð umfangsmikil rannsókn og mikið af athyglisverðum lömbum var þar að líta. Efsta sæti hér skipar lambahópur undan Frami 11-250 en á síðasta ári var hann einnig með afbragðs niðurstöður í hliðstæðri rannsókn. Kjötmatniðurstöður eru frábærar, sérstaklega gerðarmatið og lifandi lömbin stórglæsileg með þykkan bakvöðva og feikilega mikil lærahold. Hrútur þessi er sonarsonur Borða 08-838 en að öðru leyti úr ræktun búsins. Frami er svartfleckóttur að lit. Manni 13-249 á þarna þroskamikil lömb sem koma með mest af sínum yfirburðum frá bakvöðvamælingum lifandi lambanna. Manni er sonur Grámanns 09-277 sem kemur til sögu hér rétt síðar og dóttursonur Borða 08-838. Hreinn 13-246 sækir yfirburði afkvæma sinna nokkuð jafnt í þykkan bakvöðva og minni fitu en hjá öðrum lömbum í rannsókninni og ekki ólíklegt að þeir sé að einhverju leyti komnir frá föðurföður hans sem er Hriflon 07-837. Að síðustu skal getið lamba undan Grámanni 09-277 en þau eru ákaflega vel gerð og holdgóð en afkvæmi hans hafa aldrei verið að sýna afgerandi yfirburði í bakvöðvaþykkt. Grámann er úr Keldudal þar sem hann var í notkun í nokkur ár og er hann sonur At 06-806 og hefur sýnt nokkra af mestu kostum hans.

Syðri-Hofdalir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Lif.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Óskar	13-530	Grábotni	06-833	96,4	162,6	129,5	17,9	9,6	7,3	32,6	2,7	17,5
Óttar	13-534	Klettur	10-397	111,9	140,8	126,4	16,4	9,0	6,0	31,4	3,0	17,2
Ottó	12-529	Narfi	11-530	109,3	135,9	122,6	16,5	10,1	7,3	30,8	2,7	17,4
Nagli	11-531	Snillingur	09-522	126,7	96,9	111,8	17,0	10,2	6,8	29,4	2,8	17,1
Ormar	12-532	Snævar	10-875	109,3	111,9	110,6	16,7	9,7	6,9	30,1	2,7	17,5
Óli	13-533	Prúður	11-896	118,4	92,8	105,6	16,7	9,8	6,5	28,8	2,7	16,9
Nemó	11-532	Hvinur	09-014	124,5	83,0	103,8	17,6	10,2	6,9	29,2	3,2	17,4
Orgill	12-531	Hergill	08-870	91,4	109,7	100,6	16,6	9,6	7,4	30,4	3,4	17,4
Ómur	13-532	Hermann	10-524	99,1	96,1	97,6	18,4	9,5	7,0	29,7	3,2	17,6
Nonni	11-529	Gandur	07-845	93,7	96,4	95,1	17,5	9,2	6,9	29,3	2,4	17,4
Óður	13-531	Mikill	10-533	84,5	105,0	94,8	16,4	9,0	7,2	29,8	3,1	16,8
Nóri	11-527	Lonni	09-532	99,8	82,3	91,1	17,2	9,7	7,2	29,2	3,4	17,3
Óskasteinn	13-535	Ás	12-050	95,9	66,8	81,4	17,0	8,8	6,5	27,8	2,9	16,9
Korgur	11-656	Kubbur	09-656	74,5	78,0	76,3	16,6	8,8	7,1	28,9	3,2	17,3
Camus	13-537	Dalman	12-429	56,9	14,5	35,7	17,2	8,3	7,9	26,3	4,0	16,8
							17,0	9,5	7,0	29,7	3,0	17,3

Á þessu stóra búi eru nokkrir hópar sem skera sig talsvert úr. Efstir eru veturgömlu hrútarnir Óskar 13-530 sonur Grábotna 06-833 og Óttar 13-534. Meirihluti yfirburða þeirra beggja kemur í mælingum lifandi lamba en bakvöðvi afkvæma þeirra er gríðarlega þykkur en kjötmat afkvæma þeirra er talsvert breytilegt. Gerð afkvæma Óttars er slök meðan afkvæmi Óskars eru í feitara lagi í sláturhúsi. Í móðurætt Óskars má fyrst finna Hvell 05-969 af fyrrum sæðishrútum en Óttar er frá Óttari Sveinbjörnssyni á Hellissandi, sonur Kletts 10-397 en fleiri syni þess hrúts má finna víða í umfjöllun um afkvæmarannsóknir í haust. Ottó 12-529 á öflugan hóp sem er heldur í léttara lagi en að baki honum stendur Hriflon 07-837 og lengra Bjargvættur 97-869. Síðastan skal nefna Nemó 11-532 sem á hóp með mjög öflugt kjötmat en afkvæmi hans eru væn, vel gerð og fitulítill. Nemó er fæddur á Melum í Árneshrepp en faðir hans Hvinur var frá Broddanesi 1 og móðurfaðir hans Steri 07-855.

Prasastaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Blackout	09-090	Kveikur	05-965	119,0	158,4	138,7	19,2	9,9	6,5	30,3	2,4	17,9
Myrkvi	11-091	Blackout	09-090	108,1	155,4	131,8	18,5	10,1	7,0	31,1	2,7	17,9
Ævar	13-091	Snævar	10-875	102,6	140,3	121,5	18,8	9,8	6,9	29,7	2,8	17,4
Stubbur	12-088	Tjaldur	11-922	109,8	87,3	98,6	18,2	9,9	6,7	26,9	3,0	17,2
Skolli	13-087	Hrolli	11-090	96,7	91,2	94,0	19,8	9,4	6,8	27,9	3,5	17,3
Stormur	13-094	Askur	12-085	76,9	105,9	91,4	19,4	10,0	8,2	28,7	3,9	17,3
Nagli	12-087	Sigurfari	09-860	93,4	86,5	90,0	18,2	9,1	6,5	26,9	2,6	17,4
Ermys	13-093	Lopi	12-122	92,9	77,4	85,2	19,1	10,6	8,1	26,6	3,2	17,3
Möndull	12-089	Drangur	09-606	95,6	62,3	79,0	19,0	9,5	6,9	26,1	3,6	17,3
Kökkur	13-095	Ásaþór	11-167	89,9	66,2	78,1	18,9	9,8	7,4	26,6	3,9	17,5
Morgan	13-092	Lokkur	12-141	79,0	64,3	71,7	18,2	9,3	7,2	26,0	3,0	17,0
							18,8	9,8	7,0	27,9	3,1	17,4

Í rannsókninni hér eru gríðarlega væn lömb eins og taflan sýnir. Efstir standa feðgar sem áður hafa toppað í slíkum rannsóknum. Blackout 09-090 er löngu þekktur fituleysishrútur en samtímis er hann að gefa feikilega vel vöðvuð afkvæmi og voru bæði bakvöðvabykkt og lærahold lifandi lambanna að þessu sinni í miklum hæðum. Gripur eins og þessi verður gullklumpur í kjörlendissveitum eins og Fljótunum. Blackout er einn hinna fjölmörgu dökku úrvalshrúta sem komu undan Kveiki 05-965 meðan hann var og hét en móðurfaðir hans er Spakur 00-909. Sonur Blackout, Myrkvi 11-091, er einnig með gríðarlega sterkan afkvæmahóp og eru mikil líkindi með afkvæmum þeirra feðga þó að ef til vill sé Myrkvi ekki jafn afgerandi fituleysiskind og faðir hans. Móðurfaðir Myrkva er Ljúfur 05-968. Mjög öflugur afkvæmahópur fylgir Ævari 13-091 en hjá þeim er það bakvöðvabykktin sem telur mest. Lærahold eru ekki eins sterk og hjá afkvæmum feðganna og kjötmatsniðurstöður nærri meðallagi. Ævar er sonur Snævars 10-875 og móðurfaðir hans Amlí 07-090 var útmetin fituleysiskind sem hér var notaður um árabíl. Sem stendur virðist hyrnda féð hafa vinninginn umfram það kollótta í ræktunarstarfinu.

Eyjafjörður

Svertingsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Smári	13-632	Kroppur	10-890	97,6	119,4	108,5	17,8	8,7	6,2	28,4	3,0	17,5
Pristur	13-631	Svali	10-862	105,7	110,9	108,3	17,7	8,8	6,0	27,8	2,7	17,1
Dalur	13-633	Steri	07-855	102,5	103,4	103,0	17,6	9,3	6,6	27,1	2,6	17,3
Spaði	12-628	Forði	08-858	98,2	90,2	94,2	17,2	8,7	6,1	26,3	2,2	17,2
Moldi	13-634	Móri	07-101	110,8	77,0	93,9	18,2	9,4	6,4	26,0	2,2	17,1
Hamar	13-635	Ómur	11-075	78,4	104,5	91,5	17,2	8,5	6,6	27,5	2,8	17,1
							17,7	8,9	6,3	27,1	2,6	17,2

Hér er samanburður á afkvæmum ungu hrútanna en fremur lítill munur kemur fram á milli hópanna. Smári 13-632 kemur þarna með hæsta heildareinkunn og er það yfirburðir í mælingu á bakvöðvaþykkt hjá lifandi lömbunum sem ber hann þangað. Smári er sonur Kropps 10-890. Afkvæmahópurinn undan Pristi 13-361 safnar sér smá yfirburðum úr flestum þáttum rannsóknarinnar en hrútur þessi er sonur Svala 10-862.

Grund, Grýtubakkahreppi

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Drykkur	11-688	Dapur	10-673	119,4	117,8	118,6	15,5	9,3	5,9	29,6	2,2	17,3
Hróður	12-652	Hergill	08-870	113,6	106,7	110,2	15,5	8,9	5,7	29,1	2,2	17,3
Gellir	13-655	Grámann	10-884	102,2	106,5	104,4	15,1	8,8	5,9	29,0	2,1	17,2
Ævar	12-653	Snævar	10-875	90,0	117,8	103,9	14,8	8,0	5,5	29,6	2,4	17,3
Sopi	12-655	Drykkur	11-688	92,5	114,5	103,5	14,7	7,9	5,3	29,6	2,6	17,3
Bjartur	13-650	Skuggi	12-651	105,9	99,4	102,7	15,4	8,5	5,5	28,9	2,2	17,2
Faldur	11-685	Lagður	07-847	112,4	91,1	101,8	15,1	9,0	5,8	28,8	2,6	17,4
	13-388	Kornelius	10-090	94,7	96,2	95,5	15,8	8,7	6,1	29,5	2,9	17,4
Galsi	13-654	Grámann	10-884	112,5	76,9	94,7	15,1	9,1	5,9	28,2	2,5	17,3
Snjór	13-653	Snævar	10-875	87,7	91,0	89,4	15,7	8,5	6,1	28,6	2,3	17,3
Móri	13-652	Gumi	09-880	79,9	94,1	87,0	15,7	8,3	6,2	29,0	2,6	17,0
Hlutur	13-661	Bassi	09-878	93,0	76,9	85,0	14,8	8,3	5,7	28,0	2,3	17,3
							15,3	8,6	5,8	29,0	2,4	17,3

Mest eru það veturgamlir hrútar sem mæta til leiks með afkvæmi sín í þessari rannsókn en samt eru það tveir eldri hrútar sem skipa efstu sætin. Þetta eru þeir Drykkur 11-688 og Hróður 12-652. Kjötmatstærðir sláturlambanna eru verulega jávæðar fyrir afkvæmi beggja hrútanna og lifandi lömbin mjög lík að meðaltölum en lömbin miklu jafnari undan Drykk. Hróður á nokkrar miklu meira afgerandi gimbrar en einnig nokkrar ekki mjög kostamiklar. Drykkur er sonarsonur Dökkva 07-809 en Hróður undan Hergli 08-870.

Suður Þingeyjarsýsla

Skarðaborg

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Mandela	13-129	Gumi	09-880	108,6	151,2	129,9	18,2	11,8	7,8	32,3	2,6	18,2
Dvergur	10-115	Stáli	06-831	148,6	102,5	125,6	19,0	12,7	7,6	30,5	3,3	18,1
Api	12-103	Sómi	11-125	102,8	110,8	106,8	18,2	11,2	7,5	30,8	2,7	17,8
Byr	12-105	Lóði	11-126	100,0	99,9	100,0	18,2	10,6	7,0	29,8	2,4	17,6
Viti	13-127	Lon	10-103	91,8	97,2	94,5	18,0	10,5	7,3	29,6	2,5	17,9
Punktur	13-125	Kolur	12-118	100,0	80,4	90,2	18,5	11,2	7,6	29,3	3,1	17,9
Bolur	13-121	Kvistur	07-866	71,7	106,8	89,3	18,4	10,2	7,6	30,9	2,8	17,6
Kolur	12-118	Nóri	10-064	68,7	103,4	86,1	18,7	10,5	8,0	30,8	3,1	17,7
Kraftur	13-122	Kolur	12-118	87,6	74,1	80,9	18,4	11,1	8,0	29,1	3,3	17,9
Bylur	13-126	Byr	12-105	83,4	78,1	80,8	19,0	11,0	8,0	29,0	3,0	17,6
							18,6	11,2	7,6	30,3	2,9	17,8

Eins og allar tölur sýna þá eru hér alveg frábær lömb í afkvæmahópunum, en samt umtalsverður munur á milli þeirra og tveir hópanna sýna verulega sérstöðu. Hæstu heildareinkunn fær hópurinn undan Mandela 13-129. Lömbin mælast með frábæra bakvöðvabykkt og er með gríðarlega góð lærahold. Lömbin eru með afbragðs kjötmat fyrir gerð en ef til vill heldur í feitara lagi. Þetta er svartur hrútur undan Guma 09-880 og nær einstakt að fá jafn mikil lærahold hjá afkomendum hans. Móðir Mandela var keypt sem lamb frá Svínafelli (Víðihlíð) í Öræfasveit og fljótlega í ættartré hennar má finna Sokka 07-835 auk margra annarra höfðinga. Þá er ekki síður athyglisverður hópur undan Dvergi 10-115 en hann hefur á undanförunum árum í hliðstæðum rannsóknum verið að skila frábærum kjötgæðum þó að niðurstöðurnar að þessu sinni séu einstakar. Mælingar á bakvöðvabykkt eru bara um meðaltal en kjötmatniðurstöður um gerð einstakar en það ber að taka fram að meðaltalið er fyrir nær hundrað sláturlömb. Ekkert vafamál er að Dvergur er sterkasti sonur Stála 06-831 hvað varðar gerð sláturlamba sem fram hefur komið þó að margir þeirra hafi verið góðir. Þegar móðurætt er rakin raðast þar þekktir stöðvarhrútar og topphrútar í Skarðaborg.

Ingjaldsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Pottur	11-168	Borði	08-838	121,0	106,1	113,6	18,1	10,7	7,5	31,8	2,9	17,9
Ketill	12-177	Dreitill	10-165	103,4	116,7	110,1	17,0	9,9	7,3	32,9	3,2	17,7
Tvistur	13-179	Gaur	09-879	95,2	121,6	108,4	18,0	9,5	7,3	32,9	3,3	18,0
Dugur	13-182	Kjarkur	08-840	94,8	102,6	98,7	17,7	8,8	6,6	31,7	2,7	17,4
Dagur	13-181	Snær	07-867	101,6	90,0	95,8	18,8	9,6	7,2	31,5	3,4	17,8
Töffari	13-180	Gaur	09-879	114,4	70,6	92,5	17,6	10,0	7,0	30,1	2,6	17,6
Kjói	13-183	Fálki	09-155	64,5	96,6	80,6	18,4	8,5	7,7	31,8	3,1	17,6
							17,9	9,6	7,2	31,7	3,0	17,7

Í rannsókninni hér er talsvert ósamræmi í niðurstöðunum fyrir hina tvo þætti rannsókna fyrir lömbin undan sumum hrútunum. Tveir hópar bera samt talsvert af í heildina og eru það því miður elstu hrútarnir. Pottur 11-168 er eins og á undanförunum árum með afkvæmahóp sem í eru ákaflega jöfn og vel gerð

lömb með framúrskarandi kjötgæði. Pottur er einn margra skörunga með kjötgæði undan Borða 08-838 en móðurfaðir hans Seitill 03-163 var mikil úrvaskind. Pottur var til skoðunar á sæðingastöð sumarið 2014 en reyndist með áhættuarfgerð. Ketill 12-177 er sömuleiðis með ákaflega góðan lambahóp og sterkasti strengurinn í niðurstöðum fyrir þau lömb er mjög þykkur bakvöðvi. Ketill rekur sig um nokkra liðið í föðurlínu til Seitils sem áður er nefndur en móðurfaðir hans er Hriflon 07-837.

Hrifla

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Dreki	13-018	Grábotni	06-833	145,7	113,0	129,4	17,6	10,4	5,7	29,8	2,7	17,6
Salli	12-079	Galli	10-064	109,6	144,5	127,1	17,2	10,1	6,7	30,9	2,5	17,8
Bruni	12-081	Loki	09-111	105,0	140,3	122,7	17,3	9,4	6,2	31,1	2,6	18,0
Sivi	13-025	Baugur	10-889	101,2	129,5	115,4	18,1	9,9	6,9	30,5	2,7	17,9
Frystir	13-019	Snær	07-867	101,2	105,1	103,2	18,1	9,5	6,5	29,6	2,9	17,9
Segull	13-020	Borði	08-838	93,1	94,7	93,9	18,1	9,7	7,0	29,0	2,7	17,5
Söngur	13-021	Tenór	08-873	92,9	91,6	92,3	16,9	8,6	5,8	28,4	2,2	17,5
Aur	13-023	Gaur	09-879	101,2	63,5	82,4	18,1	9,5	6,5	27,9	2,7	17,7
Pækill	13-017	Bruni	12-081	75,7	61,6	68,7	17,1	9,2	7,0	27,9	2,7	17,7
Fjári	13-022	Gaur	09-879	75,6	34,6	55,1	17,8	8,7	6,6	26,2	2,8	17,4
							17,6	9,5	6,5	29,2	2,6	17,7

Hér etja yngstu hrútarnir kappi og kemur fram verulegur munur á afkvæmahópunum. Í heildareinkunn stendur efstur Dreki 13-018 en yfirburðir afkvæma hans koma öðru fremur farm í glæsilegu kjötmati fyrir gerð og ákaflega miklu fituleysi. Dreki er sonur Grábotna 06-833 en í móðurætt er að finna röð af fituleysishrútunum þekktustu frá Hesti sem verið hafa á stöðvunum síðustu áratugi. Salli 12-079 heyjar hins vegar mestan hluta af sínum yfirburðum við skoðun lifandi lambanna sem er ákaflega glæsilegur hópur. Þessi hrútur er í fyrstu ættliði úr heimaræktun í Hriflu en skammt að leita í móðurlegg að móður Hriflonar 07-837. Bruni 12-081 kemur einnig með yfirburði sína á líkan hátt og Salli, glæsileiki lifandi lambanna jafnvel enn meiri. Bruni er sonur Loka 09-111 á Stóru-Tjörnum sem var afgerandi kjötgæðakind frá Bjarnastöðum í Öxarfirði en í móðurætt Bruna er líkt og hjá Salla Hriflonsmóðir fljótt komin á blað. Rétt er að taka fram að lömbin undan Bruna voru öll tvævetlulömb. Ástæða er líka til að vekja athygli á að þarna er hópur af gemlingslömbum undan Siva 13-025 þar sem er að finna í hópnum ákaflega glæsileg lömb. Sivi er sonur Baugs 10-889 en í móðurætt hans stendur að baki hyrnda ræktunin í Hriflu.

Vatnsleysa

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Krákur	13-612	Klettur	10-665	125,8	127,6	126,7	18,6	9,8	6,5	29,4	2,3	17,6
Þéttir	13-613	Loki	09-111	103,2	134,1	118,7	18,8	9,6	7,2	29,7	2,4	17,7
Akur	13-611	Gjafar	11-604	109,8	122,0	115,9	18,5	9,4	6,7	29,1	2,3	17,8
Vinur	11-672	Fengur	09-655	104,3	119,6	112,0	18,1	8,8	6,3	29,6	2,7	17,6
Klettur	10-665	Boði	08-653	101,4	116,3	108,9	19,6	9,0	6,7	29,7	2,5	17,7
Glæsir	12-606	Bíldur	11-603	95,0	74,3	84,7	18,8	10,2	8,1	27,4	2,8	17,4
Hörður	13-609	Klettur	10-665	73,5	68,2	70,9	18,8	8,5	7,3	27,6	3,0	17,5
Móri	13-614	Gumi	09-880	80,3	28,9	54,6	17,9	8,3	6,8	25,9	3,1	17,3
							18,6	9,3	7,0	28,6	2,6	17,6

Á þessu búi er heldur minni notkun sæðinga á síðustu árum en á mörgum öðrum ræktunarbúum. Eins og tölur sýna eru fádæma væn og falleg lömb í afkvæmahópunum. Þarna eru þrír veturgamlir hrútar að gefa mjög athyglisverð lömb. Krákur 13-612 er með hóp sem sækir mikla yfirburði í frábærar kjötmatsniðurstöður en lömbin eru bæði væn og vöðvamikil. Líflömbin eru sömuleiðis mjög fönguleg. Þessi lömb eru öll tvævetlulömb sem kann eitthvað að hafa áhrif á niðurstöður. Krákur er tilkominn úr öflugri ræktun búsins í nokkra ættliði, Álfur 03-960 er fyrstur sæðingahrúta til að birtast í ættartrénu. Þéttir 13-613 er með gríðarlega föngulegan hóp lifandi lamba en lömbin undan honum eru með fitumat talsvert yfir meðaltali sem skemmir kjötmatsniðurstöður aðeins. Þéttir er frá Stóru-Tjörnum sonur Loka 09-111 sem er yfirburða hrútur um kjötgæði kominn frá Bjarnastöðum í Óxarfirði. Akur 13-113 á þarna hóp mjög kostamikilla lamba en eins og hjá Krák eru þetta allt tvævetlulömb sem kann eitthvað að bringla niðurstöður. Akur er sonarsonur Draums 09-115 frá Ærlæk en að öðru leiti úr öflugri heimaræktun.

Yzti-Hvammur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Garpur	09-150	Púki	06-807	110,3	149,6	130,0	17,9	9,8	6,7	34,1	3,1	18,6
Draugur	12-144	Garpur	09-150	115,8	125,5	120,7	17,7	10,4	7,1	32,4	3,3	18,0
Þór	13-149	Ás	09-877	146,1	83,7	114,9	17,7	10,8	6,2	30,4	3,2	18,2
Áli	10-158	Stáli	06-831	107,5	98,9	103,2	17,8	10,1	7,1	32,0	3,9	18,1
	13-150	Garpur	09-150	71,1	124,9	98,0	17,7	9,1	7,6	32,4	3,3	18,1
Ás	12-143	Gosi	09-850	83,2	104,9	94,1	18,2	9,0	6,9	32,0	3,5	17,8
Risi	13-151	Bónði	12-145	65,8	103,0	84,4	16,5	8,2	6,5	31,4	3,0	18,1
	13-147	Prúður	11-896	90,3	75,0	82,7	16,3	9,4	6,8	30,0	3,0	17,9
Tinna	13-148	Bónði	12-145	83,1	71,5	77,3	17,4	9,2	7,1	29,4	2,5	17,7
Kafteinn	13-146	Kjarkur	08-840	108,0	42,6	75,3	16,8	9,7	6,5	27,9	3,1	17,8
							17,3	9,6	6,8	31,4	3,2	18,0

Hér gefur að líta eina af hinum áhugaverðu afkvæmarannsóknnum haustsins þar sem mikið er af forvitnilegum lömbum eins og tölurnar bera með sér. Efsta sætið skipar sá fullorðni kappi Garpur 09-150. Lifandi lömbin undan honum sem komu til mælinga og stigunar voru með eindæmum vöðvafyllt og vel gerð og kjötmatsniðurstöður glæsilegar. Garpur er sonur Púka 06-807. Púki var enginn töfragripur til kynbóta fyrir auknum kjötgæðum en nokkrir viðbrigðagóðir einstaklingar að því leyti hafa undan honum komið og er Garpur tvímælalaust einn í þeim hópi. Móðurfaðir Garps Hnykill 05-405 var á sinni tíð mikil

yfirburðagripur í kjötgæðum. Sonur Garps, Draugur 12-144 á þarna einnig afburða glæsilegan hóp sem ekki gefur föður sínum stórlega eftir, lömbin samt aðeins feitari undan Draugi. Móðurfaðir Draugs er Mímír 04-951. Þriðji hópurinn sem athygli skal vakin á er undan Þór 13-149. Yfirburðir lambanna undan honum eru öðru fremur að koma fram í einstaklega glæsilegum kjötmatsniðurstöðum, en matið bæði fyrir gerð og fitu hjá sláturlömbunum er frábært. Að vísu eru öll afkvæmi hans lömb undan tvævetlum sem mögulega hefur áhrif á niðurstöður. Þór er sonur Áss 09-877 en Kveikur 05-965 kemur á móðurhliðina að sem móðurföðurfaðir.

Svartárkot

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Plútó	13-554	Guffi	08-869	118,1	157,8	138,0	16,6	10,3	6,6	33,2	2,6	17,4
Funi	11-553	Frosti	07-843	125,7	118,7	122,2	16,8	10,0	6,3	30,5	2,3	17,5
Draumur	13-552	Kjarkur	08-840	107,1	129,1	118,1	16,5	9,0	5,8	30,9	2,4	17,2
Stílltur	13-558	Prúður	11-896	76,8	88,2	82,5	16,6	8,6	6,6	29,0	2,6	17,0
Snæfinnur	12-551	Snævar	10-875	85,0	71,3	78,2	17,0	8,8	6,5	29,1	3,1	17,0
Bliki	13-553	Dolli	09-892	77,1	71,0	74,1	16,6	8,6	6,6	28,9	3,6	17,2
Eldur	13-556	Dreki	12-553	87,7	60,4	74,1	16,8	8,4	6,0	28,3	2,5	17,0
							16,7	9,2	6,3	30,0	2,7	17,2

Niðurstöður í rannsókninni hér á bæ flokka hrútana mjög ákveðið í tvo aðskilda hópa. Plútó 13-554 ber af í betri hlutanum. Mestu yfirburðir afkvæmanna felast í frábærlega vel löguðum og þykkum bakvöðva hjá lömbunum sem komu til þeirra mælinga. Kjötmatsniðurstöður eru líka prýðisgóðar, Plútó er sonur Guffa 08-869 og í móðurætt margir stöðvarhrútar frá Hesti. Funi 11-553 er með afkvæmahóp sem sækir heldur meira af yfirburðum sínum í hagfelldar kjötmatsniðurstöður. Funi er sonur Frosta 07-843 en móðurföðurfaðir Spakur 00-909. Að síðustu skal fjallað um afkvæmi Draums 13-552 en yfirburðir hjá afkvæmum hans koma öðru fremur frá þykkum bakvöðva og lítilli fitu en lærahold eru talsvert slakari en hjá afkvæmum hinna topphrútanna sem fjallað hefur verið um. Draumur er svartur að lit og sonur Kjarks 08-840 og móðurfaðir hans Bifur 06-994.

Syðri Sandhólar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Daði	13-031	Þistill	10-104	120,3	121,9	121,1	18,8	10,4	6,9	32,2	3,0	18,0	
Botni	13-022	Grámann	10-884	105,2	117,3	111,3	17,1	10,0	6,9	32,1	3,3	17,7	
Sandhóll	13-024	Steri	07-855	93,1	101,8	97,5	17,5	9,3	6,7	31,6	3,9	17,8	
Vogur	13-026	Grábotni	06-833	93,6	97,2	95,4	17,5	9,7	7,1	30,8	3,0	17,8	
Kóngur	12-032	Grábotni	06-833	101,5	85,8	93,7	18,5	10,1	7,3	30,9	3,1	17,5	
Kuldi	13-030	Snævar	10-875	95,5	90,9	93,2	18,2	9,5	6,9	30,7	3,2	17,6	
Garý	13-027	Gaur	09-879	94,3	92,0	93,2	18,4	9,1	6,6	31,0	3,4	17,8	
								18,0	9,8	7,0	31,3	3,3	17,7

Hér eru væn og stæðileg lömb í afkvæmahópunum og tveir þeirra skulu fá hér frekari umfjöllun. Afkvæmi Daða 13-031 eru að sýna afgerandi yfirburði um alla eiginleika rannsóknarinnar, hópur lifandi lambanna í skoðun var feikilega jafn að öllum kostum. Daði er fenginn frá Ytra-Lóni og er faðir hans Þistill 10-104 sem kemur frá Holti en í móðurætt Daða eru margir af betri kjöttgæðahrútum á Ytra-Lóni síðari ár. Botni 13-022 sýnir einnig mikla kjöttgæðaeiginleika hjá afkvæmum sínum. Þau eru að vísu léttari en í hinum hópunum en það skýrist að einhverju af því að flest þeirra eru tvævetlulömb. Hópur lifandi lambanna er nokkuð breytilegri en hjá Daða en í hópnum er eitt algert yfirburðalamb sem hefur mikil áhrif á niðurstöður. Botni er sonur Grámanns 10-884 og móðurföðurfaðir hans er Sokki 07-835.

Litlu Reykir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Spaði	11-280	Gosi	09-850	128,4	144,2	136,3	19,0	11,3	8,0	33,9	2,8	18,2	
Suddi	09-262	Kveikur	05-965	111,6	132,3	122,0	18,8	10,8	8,4	32,4	2,9	18,1	
Rjómi	13-006	Ísar	12-291	123,3	114,2	118,8	18,6	11,4	8,4	32,0	2,8	17,9	
Brúskur	11-279	Hólmi	08-839	100,0	133,4	116,7	18,5	10,8	8,8	32,5	2,9	18,3	
Ómur	13-002	Kappi	11-284	109,8	109,2	109,5	18,4	9,7	7,3	31,4	2,4	18,1	
Kliður	13-003	Kappi	11-284	114,1	101,6	107,9	18,5	11,5	8,9	31,1	2,7	17,9	
Grunur	12-293	Grábotni	06-833	115,2	85,1	100,2	18,3	10,8	8,3	30,5	2,5	17,9	
Straumur	13-001	Rafall	09-881	80,2	84,7	82,5	18,8	9,8	8,5	30,6	2,7	17,9	
Krani	13-005	Grunur	12-293	85,2	64,6	74,9	18,1	10,3	8,9	29,6	2,8	17,7	
Ísar	12-291	Snævar	10-875	82,0	66,0	74,0	18,6	10,1	8,7	30,4	3,3	17,7	
Háseti	13-004	Höfðingi	12-290	65,1	46,9	56,0	18,4	9,1	8,7	28,4	2,7	17,4	
								18,5	10,5	8,5	31,3	2,8	17,9

Hér er að finna með meira kjöttgæðafé í landinu en ræktaður hefur verið hér að því leyti gríðarlega kostamikill fjárstofn á þeim rúmu tveimur áratugum sem liðnir eru frá fjárskiptum hér, en það fé var þá fengið úr Þistilfirði í byrjun. Tölurnar sýna vel hvílíka afburðagripni var að finna í afkvæmahópunum. Í efstu sætunum komu nokkrir eldri hrútar sem hafa gert garðinn frægan hér áður. Í efsta sætinu er Spaði 11-280. Sláturlömbin undan honum hafa með afbrigðum hagstætt kjötmat og lifandi lömbin einstök vöðvabúnt og djásn að allri gerð. Spaði er sonur Gosa 09-850 þannig að mikil vöðvafylling kemur tæplega að óvart. Í móðurætt er röð afburða kjöttgæðahrúta á þessu búi á seinni árum. Í öðru sæti voru afkvæmi Sudda 09-262 en hann er margreindur af því að skila þykkum vöðvum og frábærum kjöttgæðum til afkvæma sinna. Suddi er einn af eftirlifandi sonum Kveiks 05-965 og má geta þess að albróðir hans var að finna á Hóli í Kelduhverfi og reyndist ekki síður þar en bróðirinn hér. Rjómi 13-006 er eitt

vöðvatröllið enn en afkvæmi hans prýða sömu kostir og afkvæmi þeirra hrúta sem þegar er fjallað um. Rjómi er sonarsonur Snævars 10-875 og dóttursonur Bobba 04-962. Að síðustu skal minnst á afkvæmi Brúks 11-279. Þessi lömb hafa þykka vöðva og einstök lærahold en óþarflega mikil fita spillir nokkuð kjötmatsniðurstöðum fyrir lömbin undan honum. Brúskur er sonur Hólma 08-839 en í móðurætt hans er fjöldi úrvalshrúta úr heimaræktuninni.

Árholt

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kúði	12-002	Byrson	11-010	153,4	150,8	152,1	17,0	11,3	6,9	34,1	2,7	17,9
Gulur	11-012	Púki	06-807	100,8	132,0	116,4	17,2	9,1	6,6	33,4	2,7	17,9
Kvati	13-006	Prófastur	06-864	117,5	107,1	112,3	16,9	9,7	6,5	32,9	3,1	17,9
Gráni	13-003	Grábotni	06-833	106,4	106,4	106,4	16,4	8,6	5,8	32,6	2,8	17,8
Lækur	11-011	Gosi	09-850	95,2	96,6	95,9	17,2	9,0	6,7	32,4	3,0	17,9
Gaur	13-004	Gaur	09-879	83,9	106,7	95,3	17,4	9,0	7,2	33,1	3,2	17,9
Snær	13-005	Snævar	10-875	94,6	92,6	93,6	16,9	8,7	6,4	31,8	3,1	17,5
Fannar	11-008	Blær	09-006	67,9	59,9	63,9	15,7	8,3	6,9	30,5	2,8	17,5
Valur	13-007	Þróttur	08-871	87,8	39,5	63,7	17,5	9,1	7,1	30,5	4,2	17,5
							16,9	9,2	6,7	32,5	3,0	17,8

Í þessari rannsókn eru afkvæmahópar sem rétt er að fjalla aðeins nánar um. Kúði 12-002 kemur hér með einhverjar allra öflugustu niðurstöður á þessu hausti. Yfirburðir hans í mati sláturlambanna fyrir gerð eru ákaflega sjaldséðir og hópur lifandi lambanna var glæsilegur hópur af vöðvastæltum og öflugum lömbum. Ættir að baki honum eru líka sterkar. Faðir hans Byrsson 11-010 kom frá Sandfellshaga 2 í Öxarfirði sonur Byrs 08-283 á Þverá sem á sínum tíma gekkst undir próf stöðvarhrúta. Móðurföðurfaðir hans er síðan Raftur 05-966. Til viðbótar skreyta ættartré hans urmull af þekktustu sæðingahrútum síðustu tveggja áratuga. Ástæða er til að geta þess að mikill meirihluti lambanna í afkvæmahópnum voru undan tvævetlum þannig að mögulega hefur það einhver truflandi áhrif á niðurstöður. Gulur 11-012 á þarna afkvæmahóp sem er á meðaltali úr kjötmatshluta rannsóknarinnar en lifandi lömbin hafa mjög þykkan bakvöðva og mikil lærahold. Gulur er frá Sveinungsvík sonur Púka 06-807 og rekur sig fljótt til Kveiks 05-965 í móðurætt. Kvati 13-006 er einnig með lambahóp sem rétt er að vekja athygli á. Kjötmatniðurstöður sláturlambanna eru hagfelldar og lömbin hafa mikla vöðva bæði á baki og í lærum. Kvati er sonur Prófasts 06-864 en móðurfaðir hans Bobbi 04-962.

Norður Þingeyjarsýsla

Presthólar

HRÚTLÖMB

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Danni	12-923	Diskur	11-205	110,3	136,5	123,4	17,6	9,9	6,9	32,2	2,6	17,7
Málmur	11-254	Kopar	10-257	98,1	140,6	119,4	17,9	9,7	7,4	32,8	2,6	17,7
Ósi	11-056	Demantur	10-263	102,2	125,5	113,9	16,7	8,3	5,5	32,6	2,4	17,6
Doddi	13-419	Latur	11-526	106,7	119,0	112,9	16,7	9,8	6,8	31,7	2,6	17,6
Tjaldur	11-922	Byr	08-283	124,1	101,0	112,6	17,2	10,3	6,5	30,9	2,6	17,8
Gosi	12-532	Vir	11-527	96,2	128,1	112,2	17,1	9,7	7,3	32,5	3,1	17,6
Gosi	13-418	Is	11-524	107,6	113,9	110,8	17,5	9,4	6,6	31,4	2,5	17,4
Jóker	12-924	Gosi	09-850	95,2	116,4	105,8	15,9	8,0	5,4	31,5	2,2	17,4
Moli	13-616	Grási	12-261	108,8	97,9	103,4	16,8	9,9	6,8	30,8	2,7	17,8
Valli	13-416	Baxi	11-623	113,2	75,0	94,1	16,8	9,7	6,5	29,9	3,0	17,6
Kani	10-430	Kopar	07-406	90,0	96,1	93,1	17,3	9,2	7,2	31,0	2,7	17,7
Blær	11-404	Leistur	09-429	103,4	79,8	91,6	17,7	8,9	6,3	30,3	2,6	17,5
Bósi	13-417	Leppur	12-411	80,1	66,1	73,1	17,0	8,4	6,9	29,2	2,4	17,4
Massi	13-617	Kappi	12-615	96,1	48,5	72,3	15,4	8,3	5,6	27,7	2,5	17,5
Tinni	13-415	Spaði	12-406	72,3	33,3	52,8	16,8	8,4	7,0	28,6	2,9	17,5
							17,0	9,2	6,6	30,9	2,6	17,6

GIMRARLÖMB

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Málmur	11-254	Kopar	10-257	98,1	141,6	119,9	17,9	9,7	7,4	32,4	2,5	17,6
Moli	13-616	Grási	12-261	108,8	119,7	114,3	16,8	9,9	6,8	31,5	2,8	17,8
Danni	12-923	Diskur	11-205	110,3	118,1	114,2	17,6	9,9	6,9	31,4	2,5	17,5
Tjaldur	11-922	Byr	08-283	124,1	103,2	113,7	17,2	10,3	6,5	30,8	2,4	17,5
Doddi	13-419	Latur	11-526	106,7	115,1	110,9	16,7	9,8	6,8	31,5	3,1	17,5
Ósi	11-056	Demantur	10-263	102,2	115,5	108,9	16,7	8,3	5,5	30,8	2,1	17,5
Valli	13-416	Baxi	11-623	113,2	100,7	107,0	16,8	9,7	6,5	30,5	2,7	17,5
Jóker	12-924	Gosi	09-850	95,2	114,4	104,8	15,9	8,0	5,4	31,3	2,6	17,4
Gosi	12-532	Vir	11-527	96,2	105,0	100,6	17,1	9,7	7,3	30,9	3,0	17,7
Blær	11-404	Leistur	09-429	103,4	78,3	90,9	17,7	8,9	6,3	30,1	2,7	17,4
Gosi	13-418	Is	11-524	107,6	69,9	88,8	17,5	9,4	6,6	29,7	2,8	17,4
Massi	13-617	Kappi	12-615	96,1	71,1	83,6	15,4	8,3	5,6	29,4	2,7	17,5
Kani	10-430	Kopar	07-406	90,0	66,5	78,3	17,3	9,2	7,2	29,8	3,8	17,1
Tinni	13-415	Spaði	12-406	72,3	76,8	74,6	16,8	8,4	7,0	29,3	2,5	17,4
Bósi	13-417	Leppur	12-411	80,1	65,1	72,6	17,0	8,4	6,9	29,6	2,9	17,3
							17,0	9,2	6,6	30,7	2,7	17,5

Hér var annar hluti afkvæmarannsóknarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu vegna sæðingastöðvanna og sá lambafleiri þeirra en hinn hlutinn var á Snartarstöðum. Umfjöllun er því líka að finna í umfjöllun um rannsóknir vegna stöðvanna. Þarna voru allmargir aðkomuhrútar og eru það afkvæmi þeirra sem hér verður fjallað um vegna þess að heimahrútar voru ekki að blanda sér mikið í keppni þessara kappa. Að rannsókn lokinni voru þrjár af þessum hrútum fluttir á stöðvarnar. Tjaldur 11-922 bar af með

kjötmatstjórnun í þessari rannsókn og var með hæsta matið fyrir gerð. Lömbin voru með ágætlega þykkan og vel lagðan bakvöðva og lærvöði var öflugur. Tjaldur er frá Sandfellshaga 2 og er faðir hans Byr 08-283, Þverá sem á sínum tíma keppti um sæti á stöð og móðurfaðir hans Hnallur 06-166 sem margoft var í skoðun um slík vistarskipti og er í raun í ættartré Tjalds óvanalegur fjöldi gripa sem verið hafa undir smásjánni vegna mögulegra flutninga á stöð. Til viðbótar öðrum eiginleikum þá er Tjaldur arfblendinn fyrir Þokugeninu. Danni 12-923 átti sömuleiðis feikilega glæsilegan lambahóp þarna. Kjötmat sláturlambanna var mjög gott og lærahold öflug og bakþykkt mikil. Danni kemur úr Sveinungsvík og er föðurfaðir hans Grábotni 06-633 og móðurföðurfaðir Kveikur 05-965 auk þess sem urmull annarra landsþekkttra sæðingahrúta stendur lengra að baki honum. Sláturlömbin undan Jóker 12-924 voru ekki jafn þroskamikil og undan öðrum hrútum í rannsókninni en bakvöðvayþykkt hjá lömbum undan honum mældist góð. Jóker er frá Laxárdal og er hann sonur Gosa 09-850 og Kveikur 05-965 móðurfaðir og næstur kemur Lundi 03-945 þegar móðurætt er rakin þannig að hann er aðeins skyldleikaræktaður afkomandi Lunda. Hinir aðkomuhrútarnir gefa einnig tilefni til að augum sé beint að afkvæmum þeirra. Málmur 11-254 var í tæpu meðaltali með sláturlambahluta og var það aðallega vegna þess að sláturlömbin undan honum voru heldur feitari en undan hinum hrútunum án þess að hægt sé að segja að fitusöfnum hjá þeim væri til vansa. Bakvöðvayþykkt hjá þessum lömbum var hins vegar með afbrigðum og lærahold góð. Málmur er frá Garði í Pistilfirði úr sterkri ræktun þar og lengra að baki standa fjölmargir þekktir stöðvarhrútar en Málmur þykir ekki enn hafa sannað sig sem ærfaðir til að flytjast á stöð. Lömbin undan Ósa 11-056 voru um meðaltal rannsóknarinnar með kjötmat en með þykkt bak og góð lærahold. Heildarmynd þeirra var samt ekki eins sterk og hjá hrútunum sem fjallað hefur verið um. Ósi á lögheimili í Tunguseli en er fæddur í Flögu. Stendur að baki honum mjög sterk ræktun en Kveikur 05-965 stendur þar næstur stöðvarhrúta sem föðurfaðir Ósa.

Snartarstaðir

HRÚTLÖMB

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf.lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Málmur	11-254	Kopar	10-257	106,5	163,9	135,2	19,2	11,0	8,0	35,0	3,1	18,1
Jóker	12-924	Gosi	09-850	107,7	138,0	122,9	20,6	10,6	7,7	34,1	3,0	17,8
Tjaldur	11-922	Byr	08-283	123,2	109,4	116,3	19,1	11,3	7,2	32,4	2,7	18,0
Danni	12-923	Diskur	11-205	125,9	89,7	107,8	19,9	11,4	7,5	32,3	3,1	17,7
Ósi	11-056	Demantur	10-263	90,3	116,4	103,4	19,7	9,5	7,5	33,0	2,6	17,9
Gosi	12-532	Vir	11-527	87,8	109,2	98,5	18,7	9,7	7,7	33,4	3,8	17,9
Litli												
Dimon	13-505	Gaur	09-879	82,8	76,2	79,5	19,0	9,3	7,4	31,7	3,2	17,8
Blær	11-404	Leistur	09-429	97,1	41,5	69,3	20,3	9,9	7,5	30,8	3,6	17,4
